Tíminn

Útgefandi: Framsóknarflokkurinn
Framkvæmdastjóri: Jóhann H. Jónsson. Auglýsingastjóri: Steingrímur Gíslason. Skrifstofustjóri: Jóhanna B. Jóhannsdóttir. Afgreiðslustjóri: Sigurður Brynjólfsson. Ritstjórar: Þórarinn Þórarinsson, Elías Snæland Jónsson. Ritstjórnarfulltrúi: Oddur V. Ólafsson. Fréttastjóri: Páll Magnússon. Umsjónarmaður Helgar-Tímans: Illugi Jökulsson. Blaðamenn: Agnes Bragadóttir, Bjarghildur Stefánsdóttir, Egill Helgason, Friðrik Indriðason, Friða Björnsdóttir (Heimilis-Tíminn), Halldór Valdimarsson, Heiður Helgadóttir, Jónas Guðmundsson, Jónas Guðmundsson, Kristinn Hallgrímsson, Kristín Leifsdóttir, Ragnar Örn Pétursson (íþróttir), Skafti Jónsson. Útlitsteiknun: Gunnar Trausti Guðbjörnsson. Ljósmyndir: Guðjón Einarsson, Guðjón Róbert Ágústsson, Elín Ellertsdóttir. Myndasafn: Eygló Stefánsdóttir. Prófarkir: Kristín Þorbjarnardóttir, María Anna Þorsteinsdóttir.
Ritstjórn, skrifstofur og auglýsingar: Síðumúla 15, Reykjavík. Sími: 86300. Auglýsingasími: 18300. Kvöldsímar: 86387, 86392. — Verð í lausasölu 5.00. Áskriftargjald á mánuði: kr. 85.00 — Prentun: Blaðaprent h.f.

Glæsilegt mannvirki vígt um helgina

■ Eitt mesta mannvirki íslenskrar vegagerðar var vigt um helgina i bliðskaparveðri — brúin yfir Borgarfjörð.

Það var vel við hæfi að Halldóri E. Sigurðssyni, fyrrverandi samgönguráðherra, skyldi falinn sá heiður að vigja brúna formlega, því hann hefur allra stjórnmálamanna mest barist fyrir því að Borgarfjarðarbrúin yrði að veruleika.

Það var þegar árið 1958 að Halldór flutti ásamt nokkrum öðrum þingmönnum tillögu til þingsályktunar um rannsóknir vegna byggingar brúar yfir Borgarfjörð. Og það var i tíð hans sem samgönguráðherra að fjármagni var veitt til framkvæmdanna sjálfra, þrátt fyrir mikla andstöðu úr ýmsum áttum.

Það á vafalaust við um Borgarfjarðarbrúna eins og svo mörg önnur stórvirki, að þótt skammsýnir menn hafi lagst gegn byggingu hennar i öndverðu, þá muni flestir eða allir telja þetta mannvirki sjálfsagt nú þegar því er lokið. I þessum efnum sem öðrum sannast það að allir vilja Lilju kveðið hafa. Þess vegna er full ástæða til þess að gera sér grein fyrir því, hverjum þetta mannvirki er fyrst og fremst að þakka.

I ræðu sinni við vigsluathöfnina sagði Halldór E. Sigurðsson, að ákvörðunin um byggingu þessa mannvirkis hafi miðast við ,,að bæta samgöngur ibúa Vesturlands, Vestfjarða og Norðurlands, innanhéraðs og við höfuðborgina. Einnig er mannvirki þetta veigamikill hlekkur i þeirri keðju, sem hringvegur landsins er.

Þegar haft er i huga að 23 ár eru frá því að þingsályktunartillagan um brúna var samþykkt á Alþingi, og þann tima allan hefur þurft til að koma brúarbyggingunni i framkvæmd, er ljóst að málið var ekki auðunnið. Hitt verður þó að hafa i huga að hvort tveggja kom til, að augljóst var að undirbúningstimi yrði langur, þar sem i fyrsta sinn átti að brúa fjörð, og að meta átti aðrar vegaleiðir i samanburði við brúargerðina. Bið er réttlætanleg ef menn missa aldrei sjón á takmarkinu uns því er náð.''

Eins og Steingrimur Hermannsson, samgönguráðherra, sagði við vigslu brúarinnar um helgina, er hér um að ræða eitt viðamesta verkefni, sem Vegagerð rikisins hefur tekist á við, og hún hefur unnið verk sitt með þeim hætti, sem sýnir að Vegagerðin er fær um að leysa öll þau stórvirki, sem framundan eru i vegagerð hér á landi.

Um leið og landsmenn allir fagna þessu merka mannvirki færa þeir öllum þeim, sem lagt hafa hönd að verki við gerð Borgarfjarðarbrúar, þakklæti fyrir frábæra frammistöðu.

—E.S.J.

á vettvangi dagsins

Um daginn og veginn

eftir Kristján Jóhannesson frá Klambraseli

■ Alþingi Íslendinga, 1980-81 er nú lokið fyrir nokkru. Talið er af þeim, sem til þekkja að aldrei hafi verið eins margir málaflokkar til umfjöllunar, eins og á þessu þingi.

Undanfarna áratugi hefur of litil virðing verið borin fyrir Alþingi af almenningi i landinu, — þessari æðstu stofnun þjóðarinnar. Á sama tima var talað um, að hversu góð mál sem stjórnarandstæðingar flyttu á þingi, þá væru þau felld af stjórnarliðinu. Sem betur fer, held ég, að þetta sé að breytast til batnaðar, enda þarf svo að vera.

Alþingismenn verða ávallt að hafa fyrst og fremst i huga, hvað Íslandi og islensku þjóðinni er fyrir bestu. Það verður að ráða gerðum þeirra, en ekki flokkseða eiginhagsmunir.

Á siðasta degi Alþingis var meðal annars fjallað um, hvort lögleiða ætti bilbeltanotkun. Ekki eru allir samþykkir því, að það skuli gert. Afgreiðsla málsins varð þó sú, að fyrirskipa bilbeltanotkun frá 1. október næst komandi — en þó á ekki, i bili, að taka hart á mönnum, þótt vanrækt sé að nota þau... Min skoðun er sú, að rétt sé að lögleiða notkun bilbelta, því að þá megi hiklaust vænta, að umferðaslysum fækki. Það er hræðilegt að sjá og vita ungt fólk örkumla aumingja ævilangt. Það er of seint að byrgja brunninn, þegar barnið er dottið ofan i hann. Það verður að finna öll hugsanleg úrræði, til að fækka umferðaslysum. Svo virðist, eftir fréttum á þessu ári, að vaxandi ákeyrsla sé á hjólreiðamenn, — þannig, að bilstjórar keyra fram úr öðrum bil, oft með óleyfilegum hraða, með þeim afleiðingum, að aka á hjólreiðamenn, sem oft eru óvanir unglingar... Það verður að taka hart á umferðarlögbrotum, eins og raunar öllum lögbrotum. En umferðarbrot eru hættulegri en önnur lögbrot, því að þar er oft um lif og dauða að tefla bæði á mönnum og skepnum. Þess vegna verður fyrsta afbrot að greiðast með hárri sekt og ökuleyfissviptingu um tima.

Enginn bilstjóri ætti að gera sig sekan um að aka undir áhrifum áfengis. Þó kann að vera rétt að svipta hann ekki ökuleyfi, nema um tima, við fyrsta brot. En við annað brot ætti skilyrðislaust að svipta alla bilstjóra ökuleyfi ævilangt. Ökumenn sem ættu vist að missa ökuleyfi ævilangt, mundu ekki setjast undir stýri ölvaðir, — og þá mundi bilslysum vissulega fækka, því að enginn bilstjóri vill missa ökuleyfi ævilangt.

Það er tilgangslaust með öllu að gefa út reglugerðir og lög, sem fyrirsjáanlegt er að verði brotin... Ég minnist i sambandi við þetta, að fyrir nokkrum árum varð maður uppvis að smygli á áfengi, og var sektaður fyrir. En hann sagði: ,,Þetta gerir mér ekkert. Ég margvinn það upp siðar.'' ... Hegning fyrir lögbrot verður að vera það mikil, að enginn hætti á að brjóta lög og reglugerðir, eða geti hagnast á því.

Verðbólga hefur þjáð okkur Íslendinga um skeið. Hún er, því miður, tilbúin að nokkru leyti heima fyrir. Allir stjórnmálaflokkar og rikisstjórnir hafa magnað verðbólguna, með því að láta allt, eða alltof mikið, eftir dekurbörnum þjóðarinnar undanfarna áratugi. Og ,,sjaldan launa kálfar ofeldi.''

Verðbólguna verður að sigra. Hún er eitt mesta þjóðarböl okkar. Og til þess þarf aðeins vilja, eins og forsætisráðherrann okkar sagði réttilega um áramótin siðustu. Og ég held, að núna vilji mikill meiri hluti þjóðarinnar ekkert frekar, en að verðbólgan verði yfirbuguð. Stjórnmálamenn okkar verða því að taka saman höndum um, hvar i flokki sem þeir eru, að sigrast á henni. Það sæmir ekki þeirri kynslóð sem nú rikir, að velta skuldum þjóðarinnar yfir á unga og óborna, þó að hún hafi óneitanlega margt vel gert fyrir framtiðina.

Íslendingar hafa unnið stóra sigra fyrr og geta enn, ef þeir aðeins standa saman. Má þar minna á sjálfstæðisbaráttuna, handritin og landhelgina i 200 milur. Við eigum gott land, fagurt land, stórt land, — auðug fiskimið, afl i fossum og auð i jörðu, þar sem jarðvarminn er, og að mestu ómengað gróðurland. Já, ,,þetta land á ærinn auð, ef menn kunna að nota hann,'' eins og skáldið segir réttilega.

Við verðum að treysta fiskifræðingum, reyndum sjómönnum og stjórnvöldum, til að vernda fiskistofnana fyrir ofveiði. Og ég held, að það megi treysta landgræðslunni, bændum og umráðamönnum landsins, ásamt stjórnvöldum, til að ofnýta ekki landið.

Forfeður okkar beittu landið miskunnarlaust i hörðum árum, og skógana hjuggu þeir i húsavið, til eldiviðar og kolagerðar, og i hörðum árum voru greinar og börkur skorin af trjánum og gefin búfénu. Fyrir það hafa forfeður okkar verið dæmdir hart af okkur, sem nú lifum i allsnægtum og óhófi. Það á að fyrirgefa þeim þetta, þeir vissu ekki hverjar afleiðingar þessa yrðu. Og þeir gátu raunar ekki annað, því að með þessum aðgerðum voru þeir að bjarga fólki sinu og fénaði... En þjóðin hefur lært af forfeðrunum svo sem vera ber.

menningarmál

Kjarvalsstaðir með fullt hús

SEPTEM '81
Listsýning að Kjarvalsstöðum.
Kristján Davíðsson,
Þorvaldur Skúlason,
Valtýr Pétursson,
Guðmunda Andrésdóttir,
Jóhannes Jóhannesson,
Karl Kvaran og
Sigurjón Ólafsson.

■ Vetrarstarfið, ef svo má orða það, hefst nú að Kjarvalsstöðum með fullu húsi af myndum, og portið er líka notað, þannig að segja má að það sé sól inni og sól úti þar, þessa dagana.

Anna Ólafsdóttir er með myndvefnað á vesturgangi og i afdrepi, sem er fyrir list i miðálmu. Hallsteinn Sigurðsson, myndhöggvari er á vesturgangi og i portinu, en i Austursal er verið að koma fyrir sýningu á myndum Kjarvals og fleiri frægra listamanna, sem nú eru látnir. Ber þar líklega hæst myndir, er Kjarval málaði á vinnustofu sina i Austurstræti fyrir meira en hálfri öld, en þær myndir hafa nú verið teknar ofan, eða myndaröðin, og var veggfóður þetta sent til Danmerkur, þar sem það hlaut viðgerð og var fært upp i nýjan striga og undirlag. Hvert rúm er því skipað á Kjarvalsstöðum eins og á herspítala og húsið brúsar af list.

